


Nr.: GAT-040	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 02		
Dags.: 13.11. 2012		
Höfundur: BEN		
Samþykkt: HJS		
Síða 1 af 6	Fundargerð 20. febrúar 2014	
	Bíliðngreinar í VMA	

Dags.: 20.02.2014	Tími: 16.00 – 18.00	Staðsetning: VMA	Fund boðaði: BAR
-------------------	---------------------	------------------	------------------

Fundur um nám í bifvélavirkjun og öðrum bílgreinum í VMA. Samstarf atvinnulífs og skóla. Boðaðir voru ýmsir aðilar sem starfa á bifreiðaverkstæðum, tryggingafélögum og fleiri aðilum sem koma að skipulagi náms og reka starfsemi í greininni.

Þátttakendur

Mættir:	Úr VMA: Hjalti Jón Sveinsson skólameistari, Garðar Lárusson áfangastjóri, Benedikt Barðason áfangastjóri, Baldvin Ringsted kennslustjóri tæknisviðs, Bragi Finnbogason brautarstjóri bíliðngreina, Jóhannes Árnason fundarritari. Frá ÍDUNNI: Ragnar Ingvarsson sviðsstjóri bílgreina. Af verkstæðum: Stefán Bjarnhéðinsson frá Bifreiðaverkstæði Bjarnhéðins, Stefán Birgisson, Áskell Gíslason og Ari Þór Jónsson frá Höldi, Kristján Jónsson frá Kraftbílum, Sigurður Halldórsson frá Car-X og Gunnar Rafnsson frá Toyota Akureyri. Frá Félagi málmiðnaðarmanna á Akureyri: Jóhann Rúnar Sigurðsson formaður.
---------	---

Fundarboð:

Akureyri 29. janúar 2014

Kæri viðtakandi.

Þér / ykkur er hér með boðið á fund í Verkmenntaskólanum á Akureyri fimmtudaginn 20. febrúar kl. 16.00 í Þrúðvangi (borðstofu matvælabrautar, gengið inn að norðan).

Fundarefni:

Staða og framtíð kennslu í bílgreinum á Norðurlandi.


Áætlað að fundurinn taki um tvær klukkustundir. Kaffiveitingar.

Dagskrá:

1. Nám í bifvélavirkjun við VMA, tilvonandi breytingar á húsnæði og staða bíliðngreina í VMA haustið 2014.
2. Kynning á þróunarverkefni um nám í bifreiðasmíði og bílamálun. Verkefnið var unnið samkvæmt ósk fundar sem haldinn var í febrúar 2012.
3. Sýn VMA og menntamálayfirvalda á nám í þessum greinum.
4. Umræður um stöðu greinarinnar og nám í bíliðngreinum.
5. Samantekt á niðurstöðum fundarins.

Til er vefsvæði með upplýsingum um bifreiðasmíða og bílamálunarverkefnið sjá hér: http://workmentor.vma.is/wiki/index.php/Bifreidasmidi_og_malun

Með kveðju,
 Baldvin Ringsted
 Kennslustjóri tæknisviðs VMA
 baldvin@vma.is

Nr.: GAT-040	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 02		
Dags.: 13.11. 2012	Fundargerð 20. febrúar 2014	
Höfundur: BEN		
Samþykkt: HJS		
Síða 2 af 6		
Bíliðngreinar í VMA		

Eftirtalin fyrirtæki, félög og stofnanir fengu sent fundarboð:

Höldur ehf
Toyota Akureyri
Kraftbílar ehf
BSA hf
Bífreiðaverkstæði Bjarnhéðins ehf
Bífreiðaverkstæði Bjarna Sigurjónssonar ehf
Car-X ehf vífreiðaverkstæði
Bílapartasalan Austurhlíð
Réttingaverkstæði Jóa ehf
Bílson verkstæðið ehf
Toyota á Íslandi hf
Hekla ehf
Sjóvá
Vátryggingafélag Íslands HF VÍS
Sjóvá-Almennar tryggingar hf
Vörður tryggingar hf
IÐAN
Cabas
Félag Málmíðnaðarmanna Akureyri
Félag iðn- og tæknigreina
Borgarholtsskóli
Atvinnuþróunarfélag Eyjafjarðar

Fundargerð


Inngangur að fundinum.

Baldvin Ringsted kennslustjóri setti fundinn, bauð fundarmenn velkomna og lýsti dagskránni.

Hjalti Jón Sveinsson skólameistari VMA ávarpaði fundinn. Hann benti á að þegar ákveðið var að fara aftur af stað með nám í bifvélavirkjun í VMA var strax hafið náíð samstarf um námið og starfsemina við Félag málmíðnaðarmanna á Akureyri og bifreiðaverkstæði á Akureyri og í nágrenni. Hann bendir á að þótt að undanfarin ár hafi verið öflugir nemendur í bifvélavirkjunarnámi þá virðist ákveðinn kúfur í aðsókn vera búinn. Nú virðist vera hópur nemenda sem ekki virðist ráðaeins vel við eða hafa nægan áhuga á náminu. Ákveðið hefur verið að koma verkstæði fyrir nám í bifvélavirkjun inn í hús VMA við Hringteig og hætta að nýta húsnæði við Fjölnisgötu sem FMA á og leigir VMA undir verkstæði. Hann bendir á að með því að færa verkstæðið í hús VMA er hægt að sýna námið betur í skólanum og líka nýta aðstöðuna til annars ef lítil umsvif eru í greininni. Hann ítrekar að ekki standi að hætta að kenna bifvélavirkjun og skyldar greinar en hugsanlega þarf að taka tillit til aðstæðna og þess að sveiflur eru í aðsókn.

Hann óskar mönnum góðs gengis.

Jóhann Rúnar Sigurðsson formaður félags málmíðnaðarmanna á Akureyri tók til máls og ræddi um að stéttarfélagið hafi á sínum tíma keypt hús til að leigja VMA undir verkstæði fyrir

Nr.: GAT-040	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 02		
Dags.: 13.11. 2012		
Höfundur: BEN	Fundargerð 20. febrúar 2014	
Samþykkt: HJS		
Síða 3 af 6		
Bíliðngreinar í VMA		

bifvélavirkjun en að félagið virðir þessar ákvarðanir og er til í að vinna áfram með VMA að því að styðja námið og halda því á svæðinu.

1. Baldvin Ringsted fór yfir sögu náms í bifvélavirkjunar í VMA.

Mikið vesen fólst í því að reka nám í bifvélavirkjun fram til ársins 2001, aðstaðan var lítil eða engin, í gamla iðnskólanum var eingöngu bóklegt nám. VMA var síðan gert að hætta þessu. Aftur var farið af stað 2006 með grunndeild og nú er búið að útskrifa 5 hópa.

Baldvin rakti að unnið hefur verið að ýmsum þróunarverkefnum sem snerta nám í bílgreinum, nám í bifreiðasmíði og bílamálun, bifhjólavirkjun og styttri námsbraut varðandi bíla, hugsanlega til að vinna á smurstöðvum og dekkjaverkstæðum.

Smá umræða varð um slíkt styttra nám og hvað það þýddi og m.a. hvort það hefði áhrif á kaup í greininni. Viðbrögðin urðu blendin en ekki mjög neikvæð. Einhverjir sáu tækifæri fyrir fyrirtækin til að gera starfsmenn sérhæfðari, meðal annars að nýta betur fullnuma og tæknimenntaða menn í það sem þarf að nota slíkt.

Nokkuð var rætt um að það væri nauðsynlegt að gera meiri sérhæfingu mögulega vegna þess hvernig starfsemin er, sífellt meiri tækni og slíkt. Hugsanleg yrðu til mismunandi stig þannig að þeir sem ekki ráða við fullt nám fái eitthvað viðurkennt.

Framtíðaráætlun í VMA: Erfitt að spá um fjölda nemenda en hugsanlega verður góður hópur næsta haust að byrja í bifvélavirkjun. Hugsanlega ætti að hafa stutt vinnustaðanám í grunndeild í stað þess að það er nú á fyrstu önn í bifvélavirkjanámi. Það var rætt fram og aftur og ákveðið að skoða möguleika á slíku.

Baldvin benti á að líklega þarf að gera áætlun um mannaflapörf fyrir greinina.

Getur VMA komið að sérhæfingu og endurmenntun? Ætti að reka með reglulegum hætti ákveðin viðbótarnámskeið? Bent var á að þörf er á að hafa nám fyrir fólk sem gerir við vinnuvélar og vörubíla. Aðeins var rætt um útfærslur og Baldvin benti á að æskilegt væri að námskrárbinda slíkt nám sem nú væri í formi námskeiða.


2. Þróunarverkefni um nám í bifreiðasmíði og bílamálun. Bragi Flinnbogason brautarstjóri í VMA. Bragi vísaði í að á fundi 10. febrúar 2012 hafi komið fram raddir um að það sárvantaði nám í bifreiðasmíði og bílamálun. Sótt var um styrki til að vinna námskrá fyrir slíkt nám. Styrkir fengust uppá 4,6 milljónir og þá var farið af stað við að vinna námskrá fyrir nám í þessum greinum.

Í verkefnishópi voru: Baldvin Ringsted kennslustjóri tæknisviðs VMA, Bragi Flinnbogason brautarstjóri bíliðna í VMA, Bjarni Sigurjónsson frá Bifreiðaverkstæði Bjarna Sigurjónssonar, Sigurður Halldórsson frá Car-X, Stefán Bjarnhéðinsson frá Bifreiðaverkstæði Bjarnhéðins og Áskell Gíslason frá Höldi, Jóhannes Árnason var ritari hópsins.

Hópurinn gerði ráð fyrir að nemendur væru útskrifaðir bifvélavirkjar þegar þeir byrja í náminu. Þetta veldur því að nemendur eru búnir með umtalsverðan hluta af bifreiðasmíði og bílamálun sem hluta af námi í bifvélavirkjun.

Bragi benti á að þegar nemendur verða teknir inn í námið verður nám og reynsla metið fyrir hvern og einn. Bragi tók fram að í hópnum voru að hluta til skiptar skoðanir á útfærslunni og að margir fleiri komu að og tóku þátt. Hann þakkaði öllum sem áttu hlut að máli.

Náminu var stillt upp og úr varð að stefna að því að ljúka náminu með því að seinasti hlutinn yrði tekinn í Silkeborg í Danmörku. Farið var í ferð til Danmerkur og heimsóttir tveir skólar, TSS (Teknisk Skole Silkeborg) í Silkeborg og TEK í Kaupmannahöfn. Niðurstaðan var að mjög

Nr.: GAT-040	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 02		
Dags.: 13.11. 2012		
Höfundur: BEN		
Samþykkt: HJS		
Síða 4 af 6	Fundargerð 20. febrúar 2014	
	Bíliðngreinar í VMA	

æskilegt væri að nemendur gætu kynnst þeim góðu aðstæðum sem skólinn í Silkeborg býr við. Það myndi tryggja að námið færi fram við bestu aðstæður, skólinn ynni að því að gera nemendur að góðum fagmönnum sem gætu unnið í því umhverfi sem nútíma aðstæður gera kröfur um. Það gildir um fagmennsku sem og afköst og samskipti við viðskiptavini.

Eftir þetta var námi í bifreiðasmíði og bílamálun skipað á fjórar annir þannig að tvær væru kenndar í VMA, ein á verkstæðum á svæðinu og síðasta önnin væri í Danmörku. Unnið var með námið þannig að til urðu kennsluáætlanir fyrir alla áfanga þannig að ekki er neitt eftir að gera nema að skipuleggja kennsluna sjálfa. Vissulega vantar námsefni í mörgu en hægt er að nýta efni sem bifreiðaframleiðendur hafa gefið út.

Bragi lýsti fyrirkomulagi námsins.

Á fyrstu tveim önnunum yrði um kvöldskóla að ræða að mestu í VMA en þó yrði leitað til verkstæða um takmarkaða þætti.

Bragi sýndi tillögu að skipulagi á fyrstu önn og hvernig það yrði hugsað að raða saman áföngum á seinniparta og laugardaga. Miðað er við að vera í skóla kl. 16 – 20 virka daga og annan hvern laugardag. Þannig gætu nemendur verið í talsverðri vinnu með náminu.


Ekki er um alveg fulla tímasókn að ræða eins og ef um dagskólanám væri að ræða en meiri en miðað er við á námskeiðum. Hann benti á að í stað þess sem gert er í náminu í bifvélaútlöngun að hafa eina viku í sömu námsgreininni þá væri miðað við að námið væri þannig að verið væri að vinna með fleiri námsgreinar á sama tíma og þar með dreifa námsgrein á lengri tíma til að betri tími gæfist að skoða og hugsa um viðfangsefni. (Innskot ritara. Eftir er að ákveða þetta, hér gæti þurft að skoða möguleika þeirra sem koma lengra að í námið og hvort þeir þurfi að taka allar greinarnar. Hugsanlega þarf að taka sumar greinar í einni stuttri lotu.)

Þriðja önnin yrði þannig að hver nemandi væri í eina eða fleiri vikur á ákveðnum verkstæðum við að vinna ákveðin verkefni. Hér var nefnt að þetta gæti verið bíll með mikið tjón sem þyrfti að skipta um hluti í og rétta og mála þannig að það uppfylli þá staðla sem bílaframleiðendur gera. Þetta er mikið skipulag og mikilvægt að nemanda fylgir ferilbók og allt sem þarf til að sjá til þess að neminn ljúki öllum þeim verkefnum sem fylgja náminu. Að sjálfsögðu yrði öll slík vinna innan ramma Cabas kerfis.

Bragi sýndi svo skjöl um skipulag námsins, tímafjölda og svo dæmi um kennsluáætlun af fyrstu og þriðju önn. Hann útskýrði að kennsluáætlanir innihalda talsvert skipulag en eftir er að útfæra kostnað, notkun á verkfærum, tækjum og efni. Eftir er að vinna kostnaðaráætlun.

Bragi útskýrði að heilmikil vinna er eftir við að útfæra námið á þriðju önninni.

Fjórdi önnin yrði í Danmörku. Verkefnishópurinn skoðaði samræmi milli námskránna í Danmörku og á Íslandi. Mikið samræmi er þar á milli og sumt eins. Þannig er hægt að gera ráð fyrir að nemendur okkar passi inn í kerfið sem Danir nota og hægt verði að taka síðustu hluta námsins þar með sama hætti og heimamenn. Kostnaður sem nefndur var um húsnæði og mat er um 500 DKR á viku. Ekki yrði um náms eða efniskostnað. Hægt verður að sækja um ferðastyrki og VMA stefnir að því að aðstoða nemendur í þessu námi eins og aðra sem VMA sendir í námsdvöl til útlanda.

Nr.: GAT-040	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 02		
Dags.: 13.11. 2012		
Höfundur: BEN	Fundargerð 20. febrúar 2014	
Samþykkt: HJS		
Síða 5 af 6		
Bíliðngreinar í VMA		

Nokkuð var rætt um að í Silkeborg væri mjög markvisst nám sem væri í góðum tengslum við atvinnulífið.

Minnst var á að ekki væru meistarar í þessum greinum til að anna heilum hópi nemenda í þessum greinum. Ákveðið var að ræða ekki þau mál hér. Það væru atriði sem hugsanlega þyrfti að skoða hvort hægt væri að fá undanþágur með.

Bragi lýsti því að VMA vill byrja með þetta nám haustið 2014. Vissulega þarf að ræða um fjöldann sem þarf til að námið fari af stað og svo þarf að ganga frá kostnaði og útfærslu á þriðju önninni.

Bragi endaði á því að þakka öllum sem komu að þessu fyrir aðstoðina og lýsti því að verkefnið hefði aldrei orðið nema vegna samstarfs við verkstæðin, IDUNA og fleiri.

3. Sýn VMA á nám í greinum. Þetta koma fram í máli Hjálta Jóns Sveinssonar skólameistara í byrjun fundarins.

4. Ragnar B. Ingvarsson sviðsstjóri bílgreina hjá IDUNNI

Hann fjallaði um nemendur í sveinsprófi í bifvélavirkjun frá VMA. Nemendur að norðan stóðu sig vel. Þessir nemendur virðast koma betur undirbúnir í sveinspróf. Þeir koma betur þjálfðir í prófið, öruggari og standa sig betur. Þeir virðast koma með annað hugafar í prófið, þeir kunna meira að vinna sjálfstætt.

Það var ekki fyrr en 2014 sem einn úr VMA fellur á sveinsprófi. Ragnar vill hrósa skólanum og ekki síst verkstæðum fyrir gott starf. 35 nemendur hafa lokið sveinsprófi. Líklega eru það um 50 nemendur sem hafa útskrifast frá VMA á þessum tíma.

IDAN er að flytja í Vatnagarða 20. Stefnt er að því að kaupa réttigabekk. Það yrði færanlegur bekkur, hentar vel í kennslu og nemakeppni. Hann nefnir að hægt væri að nota þennan bekk á Akureyri til að kenna á bekki í byrjun til að teppa ekki bekki sem eru í notkun á verkstæðum. Slík notkun myndi líka styrkja það málefni að kaupa slíkt tæki.


Menn ræddu um að samvinna skiptir miklu máli til að vinna að því að hlutirnir gerist.

5. umræður.

Hjalti Jón Sveinsson skólameistari ræddi um að heimsóknir á vinnustaði væri mjög mikilvægt mál til að gera atvinnuvegina sýnilega. Jóhann benti á að hægt væri að tengja þetta opnum degi. Hann var líka að ræða um heimsóknir 10. bekkinga. Bragi vildi benda á að það þarf að ræða betur um þetta en hugsanlega væri hægt að koma þessu fyrir í grunndeild en ekki bara eftir að nemendur eru byrjaðir í sérnámi í bifvélavirkjun eins og nú hefur verið.

Stefán Bjarnhéðinsson minntist á kostnað, efniskostnað og kostnað við kennsluna. Það er mikilvægt að fá gefins efni og aðgang að tækjum. Efnissalar og aðrir þyrftu að styrkja námið að þessu leyti. Tryggingafélög gætu lagt til tjónabíla til að æfa réttingar og slíkt. Rætt var um að ákveðnir efnissalar styrkja Borgarholtsskóla. Mikið kostar að reka tækin á verkstæðunum svo sem sprautuklefa og slíkt og það þarf að koma inn í þegar verið er að reikna kostnað við námið. Garðar Lárusson áfangastjóri benti á að það má innheimta 25.000 kr á önn í efnisgjöld samkvæmt lögum.

Rætt var um að skólinn væri í ýmsu lífill og að svæðið væri lítið þegar verið er að tala um rekstrarvörur og slíkt. Hjalti Jón benti á að þótt okkur finnst oft að við séum litlir hér þá er VMA stærsti skólinn á landinu í t.d. kjötiðnaði. Áskell benti á að Bílaleiga Akureyrar á 3000 bíla og það

Nr.: GAT-040	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 02		
Dags.: 13.11. 2012		
Höfundur: BEN	Fundargerð 20. febrúar 2014	
Samþykkt: HJS		
Síða 6 af 6		
Bíliðngreinar í VMA		

þarf að þjónusta þá þannig að því leyti er um að ræða stórumsvif.

Menn voru á því að hægt yrði að kljúfa kostnað við að koma náminu af stað. Hægt verði að sækja í sjóði um styrki til að geta gert þetta.

Nú þarf að ákveða hvort á að fara af stað með námið. Svo þarf að finna og skrá nemendur. Svo þarf að gera kostnaðaráætlun og leita styrkja.

Stefán Birgisson nefndi það að bifreiðasmíði er ekki réttnefni fyrir þá sem sjá um að rétta og gera við bíla sem hafa skemmst. Það þyrfti að finna nafn á það sem er kallað Karosseritekniker.

Nefnt var að hugsanlega ætti að fá einhverja af þeim sem hafa í raun starfað við þetta lengi til að vera með í náminu og fara til Silkeborg og ljúka réttindanáminu í faginu. Það myndi styrkja hópinn og námið í heild að skila fagútskriftum. Ef til vill hefðu einhverjir af þaulreyndum bifvélavirkjum sem hafa unnið lengi við réttingar grunn til þess og þá myndi önnin í Danmörku verða vítamínsprauta fyrir þá.

Ragnar benti á að í Danmörku er verið að bjóða fagmönnum námskeið til að endurmennta sig og það bætir vinnubrögðin mikið og gerir fólkið öruggara með sig.

Rætt var um mikilvægi þess að hægt sé að sinna þeim nýju bílum sem er verið að framleiða og að viðgerðaverkstæði þurfi að uppfylla kröfur sem bílaframleiðendur og tryggingafélög gera.

Baldvin rakti það að það þyrfti að rukka ráðuneytið um viðbrögð við verkefninu t.d. hvort eitthvað vantar uppá að uppfylla kröfur í náminu. Það þyrfti helst að koma áður en við auglýsum. Halda þarf fund í starfshópnum til að fara yfir það sem þarf að gera.

Jóhann formaður FMA minnti á að allt bendir til þess að VMA og verkstæðin haldi úti góðu námi og mikilvægt sé að halda því á lofti. Virðing náms og starfa skiptir miklu máli. Þess vegna þurfi allir að vanda sig þegar rætt er um starfsgreinarnar og nám til þeirra. Svona samstarf er þess vegna mjög mikilvægt. Fleiri tóku undir það að samstarf og samræður væru mikilvægar.

Baldvin þakkaði fyrir góðan fund og sleit fundi. Fundi slitið kl. 18.00

Fundargerð ritaði: Jóhannes Árnason

Dags. 20. febrúar 2014

Hvar er fundargerð geymd (og birt ef við á): Á MOODLE svæði verkefnisins.